

Að sækja um stofnframlag

Sótt er um á vefsíðu Íbúðalánasjóðs og þurfa eftirtalin gögn að berast með umsókn:

Sérstaklega er tekið fram í eftirfarandi lista ef tiltekin gögn mega berast síðar.

Staðfesting sveitarfélags

- Staðfesting sveitarfélags um að umsókn hafi borist.
- Staðfesting sveitarfélags fyrir veitingu stofnframlags sveitarfélags og form. Hægt er að senda inn umsókn þrátt fyrir að staðfestingin liggji ekki fyrir, en umsókn verður ekki endanlega afgreidd fyrr en hún berst.

Um umsækjanda, eftir því sem við á

- Greinargerð um umsækjanda.
- Stofngögn og samþykktir félagsins.
- Síðasti ársreikningur félagsins.
- Staðfesting ráðherra á félaginu.
- Staðfesting sjálfseignastofnunarskrár. Sækja má um fyrir hönd óstofnaðrar húsnæðissjálfseignarstofnunar, en staðfesting sjálfseignastofnunarskrár þarf að berast áður en til útgreiðslu stofnframlags getur komið.

Íbúðapörf

- Upplýsingar um hvaða hópi húsnæðið á að þjóna.
- Greinargerð um þörf á leiguhúsnæði fyrir efna- minni leigjendur á viðkomandi svæði og því hvernig áætlanir um fyrirhugaðar byggingar eða kaup á almennum íbúðum taka mið af þeirri þörf. Í greinargerðinni þarf að koma fram rökstuðningur fyrir fjölda eigna sem þörf er á, sem og þeim stærð- um íbúða sem fyrirhugað er að kaupa/byggja, byggt á stærð fjölskyldna sem eru í þörf fyrir húsnæði.
- Upplýsingar um hvort og hvernig stuðlað er að fjölbreyttri íbúasamsetningu og samfélagsblöndun.

Íbúðirnar

- Íbúðayfirlit, sbr. form sem finna má á [www.ils.is](#).
- Teikningar af íbúðunum, drög af aðaluppdráttum með byggingarlýsingu og skráningartöflu, ef það liggur fyrir.
- Kaupsamningur um íbúðirnar og eftir því sem við á áætlanir um kostnað vegna kaupanna og vegna breytinga eða endurbóta.
- Framkvæmdaáætlun og -tími, sem sýnir upphaf framkvæmda og áætlaða afhendingu íbúða.

- Sundurliðuð kostnaðaráætlun byggingarframkvæmda. Verksamningur þar sem við á.
- Áætlað stofnvirði þeirra íbúða sem fyrirhugað er að byggja eða kaupa, með nákvæmri sundurliðun. Skjal til útfyllingar má finna á www.ils.is.
- Upplýsingar um hvort og hvernig hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar verða nýttar í því skyni að lækka byggingarkostnað og hvort og þá hvernig lögð er áhersla á hugvitsamlegar lausnir og góða hönnun íbúðanna.

Fjármögnun

- Viðskiptaáætlun sem inniheldur m.a. leiguverð niður á hverja íbúð og áætlun um þróun þess, rekstrarkostnað umsækjanda og íbúðanna og kostnað vegna endurbóta íbúðanna. Á vefsíðu Íbúðalánasjóðs er form sem umsækjanda er heimilt að nýta sér og felur í sér dæmi um viðskiptaáætlun, ásamt leiðbeiningum.
- Með viðskipta- og rekstraráætlun skal fylgja greinargerð þar sem eftirfarandi kemur fram:
 - Ákvörðun leiguverðs niður á hverja íbúð og áætlanir um þróun leiguverðs. Hvernig er leiguverð ákvarðað í upphafi og til lengri tíma?

- Nákvæm lýsing á forsendum um tekjur og útgjöld.
- Útlistun á innri og ytri áhættuþáttum verkefnisins á framkvæmdatíma, á fyrstu rekstrarárum og til lengri tíma og hvernig umsækjandi hyggst bregðast við mögulegum frávikum frá viðskiptaáætlun.

• Yfirlit yfir fjármögnun íbúðanna

- Staðfesting langtímafjármögnunar frá viðskiptabanka eða fjármálastofnun, þar sem fram kemur lánstími, kjör og upphæð og hlutfall af stofnkostnaði. Ef þetta liggur ekki fyrir má skila áætlun um fjármögnun og staðfestingu frá viðskiptabanka eða fjármálastofnun um að umsókn hafi borist og að unnið sé að greiningu og vinnslu hennar. Þó kemur ekki til afgreiðslu stofnframlags fyrir en endanleg staðfesting langtímafjármögnunar liggur fyrir.
- Staðfesting eiginfjárframlags (ef við á).
- Staðfesting brúarfjármögnunar (ef við á).

Íbúðalánasjóður getur óskað eftir frekari gögnum ef þörf er á til að unnt sé að taka afstöðu til umsóknar.

Umsókn og nánari upplýsingar á www.ils.is